



Forsætisnefnd

Reykjavík, 26. ágúst 2025

MSS23010279

Breyting á samþykkt endurskoðunarnefndar.

Á fundi borgarráðs 28. október 2021 voru samþykktar reglur um réttindi og skyldur stjórnenda sem heyra undir borgarstjóra Reykjavíkurborgar, sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 28. október 2021. Í 2. gr. reglnanna kemur fram að borgarráð ráði stjórnendur í samræmi við ákvæði samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Þá segir jafnframt í 1. mgr. 2. gr. reglnanna að reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg gildi um ferli við ráðningar stjórnenda. Samkvæmt 1. gr. síðastnefndu reglnanna hefur borgarráð það hlutverk að ráða starfsmenn í æðstu stjórnendastöður hjá Reykjavíkurborg og veita þeim lausn frá störfum og gilda reglurnar um þær ráðningar. Þá er í tilvitnuðum reglum um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg, sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 28. október 2021, að finna ákvæði um þær tillögur sem borgarstjóra ber að leggja fram til samþykktar í borgarráði og lúta að auglýsingu um viðkomandi starf, skipan ráðgefandi hæfnisnefndar og áætlun um ráðningarferli, sbr. 3. gr. reglnanna. Jafnframt er í reglunum að finna ákvæði um birtingu lista umsækjenda, sbr. 4. gr., verkefni hæfnisnefndar, sbr. 6. gr., og verkefni borgarráðs, sbr. 7. og 8. gr. reglnanna.

Í gildandi samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, sem var samþykkt í borgarstjórn 20. desember 2011 kemur fram að í 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. að það sé eitt af hlutverkum endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar að setja fram tillögu til borgarstjórnar um val að ráðningu innri endurskoðanda. Umrætt ákvæði er ekki í samræmi við gildandi reglur um um réttindi og skyldur stjórnenda sem heyra undir borgarstjóra né reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg.

Eins og fram kemur í erindi borgarritara til forsætisnefndar og í minnisblaði borgarlögmans þarf að taka ákvörðun um hvort innri endurskoðandi eigi að heyra áfram undir borgarráð eða hvort færa eigi starfið undir borgarstjórn og samkvæmt beiðni hefur verið unnin breyting á 5. tl. 1. mgr. 2. gr. samþykktar fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar sem endurspeglar vilja til þess að tryggja aðkomu endurskoðunarnefndar að ráðningarferli innri endurskoðanda og gera nefndina að umsagnaraðila um skýrslu ráðgefandi hæfnisnefndar.

Óskað er eftir að forsætisnefnd yfirfari fyrirliggjandi tillögu að breytingu á samþykktinni og vísi til þóknanlegrar meðferðar borgarstjórnar.

Virðingarfyllt,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar



Reykjavík



Hjálagt:

Tillaga að breytingu á samþykkt endurskoðunarnefndar

Bréf borgarritara dags. 27. ágúst 2025

Minnisblað borgarlögmans



Reykjavík



Reykjavík, 27. ágúst 2025
MSS23010279

Tillaga að breytingu á 2. gr. samþykktar endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

2. gr. samþykktar fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hljómar svo:

Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi verkefni án takmörkunar á ábyrgð borgarstjórnar, borgarráðs og stjórnenda.

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings A hluta og samstæðureiknings A- og B hluta.
4. Mat á óhæði ytri endurskoðanda og eftirlit með öðrum störfum þeirra fyrir Reykjavíkurborg.
5. Setja fram tillögu til borgarstjórnar um val á ytri endurskoðendum og að ráðningu innri endurskoðanda.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar skal hafa tíð samskipti við endurskoðendur og innri endurskoðun til að tryggja að brugðist verði tímanlega við ábendingum sem upp koma í störfum þeirra.

Lagt er til að svohljóðandi breyting verði gerð á 2. gr. samþykktar fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar:

Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi verkefni án takmörkunar á ábyrgð borgarstjórnar, borgarráðs og stjórnenda.

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings A hluta og samstæðureiknings A- og B hluta.
4. Mat á óhæði ytri endurskoðanda og eftirlit með öðrum störfum þeirra fyrir Reykjavíkurborg.

5. Veita borgarráði og borgarstjórn umsögn um tillögu ráðgefandi hæfnisnefndar við ráðningu innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar skal hafa tíð samskipti við endurskoðendur og innri endurskoðun til að tryggja að brugðist verði tímanlega við ábendingum sem upp koma í störfum þeirra.



Reykjavík



Forsætisnefnd

Reykjavík, 28. ágúst 2025

MSS25080082

Breytingar á samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

Fyrirverandi innri endurskoðandi lét af störfum í lok síðasta árs. Þá voru skipulagsbreytingar hjá Innri endurskoðun samþykktar í borgarráði í mars sl. sem tóku gildi þann 1. apríl sl. Fyrir liggur misræmi í reglum og samþykktum Reykjavíkurborgar hvað varðar ráðningu innri endurskoðanda og þá hefur eðli málsins samkvæmt ýmislegt breyst í því umhverfi síðustu tvo áratugina eða frá þeim tíma er innri endurskoðandi var ráðinn síðast til starfa.

Þetta er nánar rakið í minnisblaði borgarlögmans til borgarritara dags. 18. júní 2025. Þar segir m.a. að annars vegar sé kveðið á um í samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar að nefndin skuli setja fram tillögu um ráðningu innri endurskoðanda til borgarstjórnar. Hins vegar er í reglum borgarráðs um ráðningar í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg mælt fyrir um að borgarstjóri skuli setja fram slíka tillögu, að fenginni skýrslu ráðgefandi hæfnisnefndar, til borgarráðs til samþykktar.

Borgarlögmaður bendir á að þar sem ekki er fært að hafa slíkt misræmi í réttarheimildum er ljóst að koma þarf þessu atriði í lögmætt horf, enda er Reykjavíkurborg skylt að standa löglega og rétt að málum við umrædda ráðningu í samræmi við samþykktir og reglur Reykjavíkurborgar. Taka þurfi ákvörðun um hvort innri endurskoðandi eigi að heyra áfram undir borgarráð eða hvort færa eigi starfið undir borgarstjórn.

Þessi staða var m.a. rædd á fundi borgarritara, borgarlögmans og skrifstofustjóra borgarstjórnar á fundi endurskoðunarnefndar 24. mars sl. og á fundi forsætisnefndar 28. mars sl. Þetta var jafnframt rætt við formann borgarráðs, borgarstjóra og á innri fundum. Einnig var haldinn fundur borgarritara, borgarlögmans og skrifstofustjóra borgarstjórnar með formanni borgarráðs, Lárusi Finnbogasyni formanni endurskoðunarnefndar og Sigrúnu Guðmundsdóttur í endurskoðunarnefnd þann 13. maí sl. Þá var málið að nýju rætt á fundi endurskoðunarnefndar 23. júní og 18. ágúst sl. ein sog fundargerðir bera með sér.

Jafnvel þótt umræða um málið hafi leitt í ljós að skiptar skoðanir séu á því hvar best fari á því að hafa starf innri endurskoðanda hjá Reykjavíkurborg ríkir einhugur um að ekki sé unnt að auglýsa starf innri endurskoðanda laust til umsóknar að óbreyttum reglum og samþykktum Reykjavíkurborgar enda ótækt að stefna ráðningarferlinu og eftir atvikum ákvörðun um ráðningu í starfið í hættu vegna misræmis og óskýrleika í þessum réttarheimildum varðandi þessi atriði.



Reykjavík



Að höfðu samráði við borgarstjóra og formann borgarráðs var niðurstaðan sú að best færi á því að innri endurskoðandi heyri áfram undir borgarráð í samræmi við reglur um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar sem samþykktar voru í borgarráði 16. janúar 2025. Samkvæmt 2. gr. reglnanna ræður borgarráð stjórnendur í samræmi við ákvæði samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og samkvæmt 1. gr. reglnanna telst innri endurskoðandi vera á meðal æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar. Með því að innri endurskoðandi heyri áfram undir borgarráð er hvorki þörf á að gera breytingar á reglum um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar né reglum um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg. Hins vegar þarf að gera breytingu á 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. samþykktar fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar. Vilji er til þess að tryggja aðkomu endurskoðunarnefndar að ráðningarferli innri endurskoðanda með því að að nefndina að umsagnaraðila um skýrslu ráðgefandi hæfnisnefndar en fyrrnefnt ákvæði samþykktarinnar gæti þá orðið/yrði þá svohljóðandi: „5. Setja fram tillögu til borgarstjórnar um val á ytri endurskoðendum og gera umsögn um skýrslu ráðgefandi hæfnisnefndar um umsækjendur um starf innri endurskoðanda.“

Verði breytingar á samþykktum endurskoðunarnefndar samþykktar í borgarstjórn á fyrsta fundi eftir sumarleyfi verður unnt að hefja ráðningarferli innri endurskoðanda eða um leið og borgarráð hefur samþykkt tillögu um auglýsingu starfsins, skipan ráðgefandi hæfnisnefndar og áætlun um ráðningarferli, sbr. 3. gr. reglna um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjálagt:

Minnisblað borgarlögmans um ráðningu í starf innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar, dags. 18. júní 2025.



Reykjavík



Viðtakandi: Borgarritari
Sendandi: Borgarlögmaður

Reykjavík, 18. júní 2025

MSS24120118

MINNISBLAÐ

Minnisblað um ráðningu í starf innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar

Í ákvæðum 1. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 1. mgr. 73. gr. samþykktar nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, er mælt fyrir um að framkvæmdastjóri sveitarfélags (borgarstjóri í tilviki Reykjavíkurborgar) sé æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins og skuli sjá um að stjórnarsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Samkvæmt 56. gr. sveitarstjórnarlaga og 74. gr. fyrrnefndrar samþykktar ræður borgarráð starfsmenn í æðstu stjórnendastöður hjá Reykjavíkurborg og veitir þeim lausn frá störfum. Í athugasemd við ákvæði 56. gr. í frumvarpi því er varð að sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 kemur fram að hér sé einungis átt við þá starfsmenn sem raðist í æðstu stöður stjórnkerfisins og myndu að jafnaði vera framkvæmdastjórar og eftir atvikum fáeinir lykilstjórnendur hjá viðkomandi sveitarfélagi.

Efnislega samhljóða ákvæði er að finna í 2. gr. reglna um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar, sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 16. janúar 2025, þ.e. að borgarráð ráði stjórnendur í samræmi við ákvæði samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Samkvæmt 1. gr. reglnanna telst innri endurskoðandi vera á meðal æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar. Þá segir í 1. mgr. 2. gr. reglnanna að reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg gildi um ferli við ráðningar í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg.

Í tilvitnuðum reglum um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg, sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 28. október 2021, segir í 1. gr. að borgarráð hafi það hlutverk að ráða starfsmenn í æðstu stjórnendastöður hjá Reykjavíkurborg og veita þeim lausn frá störfum og að reglurnar gildi um þær ráðningar. Þá er í reglunum að finna ákvæði um þær tillögur sem borgarstjóra ber að leggja fram til samþykktar í borgarráði og lúta að auglýsingu um viðkomandi starf, skipan ráðgefandi hæfnisnefndar og áætlun um ráðningarferli, sbr. 3. gr. reglnanna og tillaga um ráðningu í starfið til samþykktar borgarráðs, 7. gr. Jafnframt er í reglunum að finna ákvæði um birtingu lista umsækjenda, sbr. 4. gr., verkefni hæfnisnefndar, sbr. 6. gr., og verkefni borgarráðs, sbr. 7. og 8. gr. reglnanna.

Til viðbótar við framangreindar réttarheimildir sem gilda um ráðningu borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg, þ. á m. innri endurskoðanda, er í gildi samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, sem var samþykkt á fundi borgarstjórnar 20. desember 2011. Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. samþykktarinnar hefur



Reykjavík



endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar meðal annars það verkefni að setja fram tillögu til borgarstjórnar um val að ráðningu innri endurskoðanda.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið er fyrir hendi misræmi í reglum og samþykktum Reykjavíkurborgar um tillögurétt að ráðningu í starf innri endurskoðanda. Annars vegar er kveðið á um í samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar að nefndin skuli setja fram slíka tillögu til borgarstjórnar. Hins vegar er í reglum borgarráðs um ráðningar í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg mælt fyrir um að borgarstjóri skuli setja fram slíka tillögu, að fenginni skýrslu hæfnisnefndar, til borgarráðs til samþykktar. Þar sem ekki er fært að hafa slíkt misræmi í réttarheimildum er ljóst að koma þarf þessu atriði í lögmætt horf. Reykjavíkurborg er enda skylt að standa löglega og rétt að málum við umrædda ráðningu í samræmi við samþykktir og reglur Reykjavíkurborgar. Þá er ljóst að annmarki á ferli ráðningar, þ.e. undirbúningi og/eða töku ákvörðunar þar að lútandi, gæti haft áhrif á gildi ákvörðunar um ráðningu innri endurskoðanda.

Af framangreindu leiðir að taka þarf ákvörðun um hvort innri endurskoðandi eigi að heyra áfram undir borgarráð eða hvort færa eigi starfið undir borgarstjórn. Þegar þessi ákvörðun liggur fyrir verður ráðið hvaða breytingar þurfi að gera á samþykktum og reglum Reykjavíkurborgar. Hér á eftir fylgir stutt umfjöllun um hvora leið fyrir sig og hvaða breytingar þurfi að gera verði umrædd leið valin:

Innri endurskoðandi heyrir undir borgarráð.

Ef ákveðið verður að starf innri endurskoðanda skuli áfram heyra undir borgarráð þarf að gera breytingu á 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. samþykktar fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar á þann hátt að fella niður orðin „[...] og að ráðningu endurskoðanda“ í ákvæðinu. Ef vilji stendur til þess að tryggja aðkomu endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar að ráðningarferli og ákvörðun um ráðningu í starf innri endurskoðanda væri unnt að gera það með því að gera nefndina að umsagnaraðila um skýrslu ráðgefandi hæfnisnefndar en fyrrnefnt ákvæði samþykktarinnar gæti þá orðið/yrði þá svohljóðandi: „5. Setja fram tillögu til borgarstjórnar um val á ytri endurskoðendum og gera umsögn um skýrslu ráðgefandi hæfnisnefndar um umsækjendur um starf innri endurskoðanda.“ Ef þessi leið verður fyrir valinu verður hvorki þörf á að gera breytingar á reglum um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar né reglum um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg.

Innri endurskoðandi heyrir undir borgarstjórn.

Ef ákveðið verður að færa starf innri endurskoðanda undir borgarstjórn þarf að gera samsvarandi breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar, þess efnis að borgarstjórn taki ákvörðun um ráðningu og uppsögn innri endurskoðanda, og einnig á skipuriti Reykjavíkurborgar. Jafnframt þarf að gera breytingar á reglum um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar með því að færa innri endurskoðanda úr stjórnmerktri neðanmálgrein yfir í niðurlag 1. gr. reglnanna til að tryggja skýran aðskilnað milli innri endurskoðanda og annarra æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar. Þá þarf að gera breytingu á 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir Kjaranefnd Reykjavíkurborgar á þann veg að tilgreina innri endurskoðanda í ákvæðinu. Ef þessi leið verður fyrir valinu þarf ekki að gera breytingar á samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar. Eftir sem áður yrði í þessu tilviki að taka ákvörðun um hver eigi að annast ráðningarferlið og undirbúning þess. Ef ætlunin er að setja ráðningarferlið í hendur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar þyrfti að kveða á um það með skýrum hætti í samþykkt fyrir nefndina. Þá gæti eftir





atvikum komið til álita að fela forsætisnefnd þetta hlutverk en ef það yrði niðurstaðan þyrfti að setja reglur þar um.

Áður en unnt verður að auglýsa starf innri endurskoðanda laust til umsóknar þarf að taka ákvörðun um hvort starfið eigi að heyra áfram undir borgarráð eða færa það undir borgarstjórn. Á grundvelli niðurstöðu þeirrar ákvörðunar þarf samhliða að gera breytingar henni til samræmis á reglum og samþykktum Reykjavíkurborgar og eftir atvikum að setja reglur um ferli ráðningar.



Ebba Schram



Reykjavík